



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Fjárhagsáætlun 2016



Samþykkt í hafnarstjórn 14. september 2015

Greinargerð hafnarstjóra með fjárhagsáætlun ársins 2016

Inngangur

Áætlun ársins 2016 er lögð fram við þær aðstæður að kjarasamningar starfsmanna Faxaflóahafna sf. hafa ekki verið gerðir og nokkur óvissa er um þróun verðlags á komandi ári. Þróun mála hjá Faxaflóahöfnum sf. á árinu 2015 er sú að flutningar hafa aukist og þar með tekjur af vörugjöldum og aflagjöld hafa hækkað umfram það sem reiknað var með, en þar sem landaður afli er ekki sem neinu nemur meiri í ár en á árinu 2014 og gengi gjaldmiðla milli ára svipað, þá verður að ætla að söluverðmæti aflans sé nokkru meiri en árið áður. Tekjur hafa að öðru leyti þróast eins og reikna mátti með og rekstrargjöld eru innan þess ramma sem settur var í fjárhagsáætlun.

Eignabreytingar verða innan ramma fjárhagsáætlunar en tvö verkefni eru háð endanlegri tímasetningu. Annars vegar er um að ræða vegagerð á Grundartanga vegna Silicor og hins vegar framkvæmdir við nýjan Kleppsbakka í Sundahöfn. Reiknað var með að hefja framkvæmdir vegna Silicor á árinu en beðið er endanlegrar ákvörðunar um byggingu verksmiðjunnar. Varðandi Kleppsbakka er óvissa um ákveðna verkþætti, sem þýðir að þeir færast að einhverju leyti yfir á árið 2016.

Þegar á heildina er litið má reikna með betri niðurstöðu ársins en áætlun gerir ráð fyrir, en gerður er fyrirvari um framhaldið með vísan til þeirra tveggja óvissuliða, sem nefndir eru hér að framan þ.e. kjarasamninga og þróun verðlags.

Fjárhagsstaða Faxaflóahafna sf. er og hefur verið sterk og miðað er við að þeirri stöðu verði haldið á árinu 2016. Með tilfærslu verkefna og betri afkomu eykst handbært fé á árinu 2015, en með því umfangi framkvæmda sem stillt er upp árið 2016 er gengið á handbært fé.

Framundan eru stór verkefni hjá Faxaflóahöfnum sf. Í fyrsta lagi er reiknað með að framkvæmdir við byggingu verksmiðju Silicor fari af stað á árinu 2016, í öðru lagi munu framkvæmdir við nýjan Kleppsbakka halda áfram og innkaup á stálpili, stögum og staurum á árinu 2016 verða fjárfrek, í þriðja lagi er gert ráð fyrir lokaáfangu stálpilsbakka á Norðurgarði, sem er 120 metra hafnarbakkerð. Í fjórða lagi er rætt um tæplega fjögurra hektara landfyllingu á Akranesi vegna starfsemi HB Granda hf. og í fimmta lagi eru í gangi viðræður við Björgun ehf. um frágang lóðar í Sævarhöfða, sem gætu leitt til tímabundinna útgjalda ef samkomulag næst. Loks má nefna að í áföngum næstu ár er brýn þörf á að endurnýja og bæta rafkerfi Gömlu hafnarinnar og á Akranesi með það að leiðarljósi að öll skip sem unnt er að tengja rafmagn verði skyldug að tengjast. Rafvæðing og tengimöguleikar í Sundahöfn og á Grundartanga yrðu síðan næsta verkefni en í þeim efnum eru tækniúrræði flóknari, takmarkaðri og kostnaðarsamari enda er raforkuþörf flutninga- og skemmtiferðaskipa allt önnur og meiri en fiskiskipa.

Í rekstri Faxaflóahafna sf. má merkja aukna flutninga og með aukinni starfsemi á Grundartanga og hugsanlega Akranesi má reikna með hægt vaxandi tekjum Faxaflóahafna sf. en hafa verður þó í huga að á næstu 5 - 7 árum liggja fyrir stór verkefni sem þarf að leysa. Þar er um að ræða verkefni á árunum 2016 - 2023, sem alls munu nema um 10,8 Ma. kr. Því þarf fjárhagur fyrirtækisins að vera burðugur og fyrir hendi að vera sá slagkraftur sem þarf til að leysa þau verkefni og án þess að komi til lántöku.

Forsendur

Við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2016 eru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar:

- ⬇ Miðað er við að kjarasamningar og starfsmannamál leiði til 7% kostnaðarauka milli árana 2015 til 2016, en að á árinu 2016 hækki laun um 5,5% frá 1. maí sbr. þegar gerða kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.
- ⬇ Við mat á þróun almenns verðlags er miðað við forsendur Reykjavíkurborgar á þá rekstrarliði sem háðir eru verðlagsþróun. Miðað er við 4% hækkun á milli ára, en verðlagsspár gera

almennt ráð fyrir 4,5 - 5,0% hækkun verðlags á milli áráanna 2015 og 2016. Hækkun byggingarvísitölu á árinu 2015 er 6%.

- ⚓ Fasteignamat lóða hefur verið gefið út af Þjóðskrá og er meðaltal hækkunar atvinnulóða um 3,5%.
- ⚓ Miðað er við að um 2% aukning verði á inn- og útflutningi.
- ⚓ Gerð er tillaga um að eftirfarandi forsendur verði um breytingu á gjaldskrá Faxaflóahafna sf. frá 1. janúar 2016:
 - ⚙ Almennir liðir gjaldskrárinnar hækki að meðaltali um 4,5%.
 - ⚙ Vörugjaldaliðir hækki um 4,0%.
- ⚓ Aflagiöld eru áætluð miðað við útkomuspá árið 2015, en hefðbundin óvissa er varðandi gengi, verð á fiski og aflamagn.
- ⚓ Miðað er við sama umfang í skipakomum og stærðir skipa og árið 2015.
- ⚓ Fjármunaliðir eru samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar.
- ⚓ Sérgreind viðhaldsverkefni í rekstri eru áætluð 293 mkr.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að 2,1 Ma. kr. fari til eignabreytinga.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að arður til eigenda verði 173,0 mkr.
- ⚓ Handbært fé lækkar á milli ára vegna umfangs eignabreytinga.


Nokkrar fjárhagsstærðir og þróun

Á síðustu árum hafa tekjur Faxaflóahafna sf. vaxið umfram útgjöld. Samhliða hafa fjárfestingar vaxið. Þróunina má sjá hér um hækkun milli ára:


	Áætlun 2016	Áætlun 2015	2014	2013
Tekjur	3.260,4	2.891,0	3.048,7	2842,9
Gjöld	2.845,4	2.615,8	2.404,4	2.246,9
Rekstrarafgangur	421,7	245,7	644,4	587,6
Fjárfestingar	2.105,0	1.200,0	1.014,4	869,0

Þróun rekstrartekna og útgjalda hafa verið eftirfarandi frá árinu 2012:

Rekstrartekjur og rekstrargjöld á verðlagi ágúst 2015



Þróun verðlags og gjaldskrár hefur verið eftirfarandi:



Nokkrar tölur um umfang rekstrar:

	2014	2013	2012
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.406	1.472	1.471
Brúttótonn skipa í þús. tonna	9.118	8.708	8.812
Heildarflutningar í þús. tonna	3.645	3.502	3.301
Innflutningur í þús. tonna	2.212	2.201	2.060
Útflutningur í þús. tonna	876	821	902
Landaður afli í þús. tonna	153,1	139,9	155,5
Skemmtiferðaskip	91	80	81
Fjöldi farþega	104.800	92.400	92.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	63,5	62,3	61,7

Þróunin á árinu 2015 er að fjöldi skipa er sambærilegur og árið 2014, innflutningur hefur aukist, en útflutningur í svipuðu umfangi og árið 2014. Landaður afli miðað við júlí er í heildina nokkru meiri en árið 2014. Fjöldi skemmtiferðaskipa verður í ár 106 skip. Fjöldi fastra stöðugilda árið 2015 verður 66,5, en fjögur stöðugildi bættust við á vordögum 2015 við yfirtöku á starfsmönnum við hliðvörslu á Grundartanga.

Rekstrartekjur

Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. eru áætlaðar að verði á árinu 2016 kr. 3.260.400.000, sem er 6,1% hækkun miðað við áætlaða niðurstöðu ársins 2015.

Áætlaðar heildartekjur byggja á eftirfarandi tillögu:

Millj. kr.	Áætlun 2016	Útkomuspá 2015	%
Vörugjöld - almenn	1.040,0	955,0	8,9
Vörugjöld - eldsneyti	119,6	113,4	5,4
Aflagjöld	250,0	250,0	0
Skipagjöld	309,3	293,3	5,5
Lóðarleiga	432,6	418,0	3,5
Aðrar eignatekjur	65,7	66,2	(0,8)
Húseignir	315,0	300,5	4,8
Rafmagn og vatn	97,2	92,5	5,1
Hafnsaga	115,0	100,0	15
Hafnsögubátar	188,1	180,5	4,2
Aðrar hafnaþjónustutekjur	62,7	59,7	5,0
Siglingavernd	265,2	243,6	8,9
Alls	3.260,4	3.072,7	6,1

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld fyrir árið 2016 eru áætluð kr. 2.845.382.000 sem er 8,6% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2015. Sundurliðun á helstu útgjöldum rekstrar er eftirfarandi:

	Áætlun 2016	
Útgjaldaliðir	í millj. kr.	Hlutfall
Afskriftir	830,0	29,2%
Laun og launatengd gjöld	835,1	29,3%
Annar kostnaður (almenn rekstrargjöld, þjónustukaup o.fl.)	358,3	12,6%
Orkukaup	148,4	5,2%
Skattar og opinber gjöld	117,7	4,1%
Siglingavernd	262,9	9,2%
Sérgreind viðhaldsverkefni	293,0	10,3%
Alls	2.845,4	100,0%

Áætlað er að leggja aukna fjármuni til viðhalds eigna Faxaflóahafna sf. en á árinu 2016 nemur áætlaður kostnaður um 293,0 mkr., en var árið 2015 um 270,0 mkr. Stærstur hluti fjármuna til þessara verkefna fer til viðhalds á hafnarmannvirkjum og eru þar stærstu verkefnin viðhald á trébryggjum í Vesturhöfninni, endurbætur á Viðeyjarbryggju, slitlagsyfirlagnir á hafnarbökkum, endurbætur á lýsingu og endurnýjun fendera í Sundahöfn. Einnig endurnýjun slitlags gatna, endurbætur á gönguleiðum í Gömlu höfninni, endurbætur á þaki Grandaskála, málun Bakkaskemmu, gluggaskipti og utanhússviðgerðir á Hafnarhúsinu, endurbætur á fasteignum við Korngarða auk viðhalds og endurbóta á vitum og sæmerkjum.

Millj.kr.	2011	2012	2013	2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
Viðhaldsverkefni	107,4	152,3	148,0	126,2	270,0	293,0

Áður hefur verið nefnt að kjarasamningar liggja ekki fyrir og því nokkur óvissa um endanlega niðurstöðu ársins 2015 og launagreiðslur 2016. Hins vegar er þróun launakostnaðar Faxaflóahafna sf. eftirfarandi:

Millj. kr.				Áætlun	Útkomuspá	Áætlun
	2012	2013	2014	2015	2015	2016
Laun og launatengd gjöld	625,6	663,3	711,8	732,4	781	835,1

Á árinu 2016 verður m.a. unnið að úttektum á nokkrum þáttum á hafnarsvæðum fyrirtækisins og unnið að undirbúningi annarra verkefna. Þau helstu eru þessi:

- ✿ Úttekt á ferlimálum í Gömlu höfninni.
- ✿ Greining á sölukerfi rafmagns til skipa.
- ✿ Skoðun á lýsingu á Grundartanga og hvernig megi stýra henni betur.
- ✿ Gerð hljóðkorts fyrir Sundahöfn.
- ✿ Gerð hljóðkorts fyrir Grundartanga.
- ✿ Gerð tillagna um skipulag einstakra hafnarsvæða, sem grunn í aðalskipulagsvinnu.
- ✿ Undirbúningur að öryggis- og umhverfsvottun Faxaflóahafna sf.
- ✿ Tillögugerð um bættu aðstöðu vegna farþega skemmtiferðaskipa og hvalaskoðunar.

Þegar tekinn er saman tekjuauki af gjaldskrárbreytingu annars vegar og aukinn rekstrarkostnaður vegna launa, fasteignagjalda og áætlaðra verðbreytinga hins vegar þá er gjaldaaukningin um 54,0 mkr. Því er ljóst að gjaldskrárbreytingar og aukning í flutningum heldur ekki í við kostnaðarbreytingar.

Fjármunaliðir

Vaxtatekjur, vaxtagjöld og verðbætur eru reiknaðar samkvæmt reiknilíkani Reykjavíkurborgar. Faxaflóahafnir sf. eru ekki með nein lán í erlendri mynt. Þar sem langtímaskuldir fara lækkanði lækkar vaxtakostnaður og áætlaðar verðbreytingar.

Sjóðstreymi

Áætlun ársins 2016 gerir ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði um 1,3 Ma. kr., sem er sambærileg fjárhæð og reiknað er með að verði niðurstaða ársins 2015. Gert er ráð fyrir að lóðagjöld nemi um 488, mkr. en hluti þess er lánaður og færast sem veitt lán að fjárhæð 290,2 mkr. Afborganir langtímakrafna lækka lítillega á milli ára eða í 233,5 mkr.

Greiddar afborganir langtímaskulda lækka á milli ára úr 159 mkr. í 103 mkr., en skuldir Faxaflóahafna sf. hafa lækkað verulega á síðustu árum og verða á árinu 2016 tæpur 1,0 Ma. kr.

Arður til eigenda er áætlaður 173 mkr.

Áætlað er að handbært fé í árslok ársins 2016 verði um 589 mkr.

Eignabreytingar

Eignabreytingar á árinu 2016 eru áætlaðar líðlega 2,1 Ma. kr. Það er verulega aukið framlag til framkvæmda miðað við síðustu ár, en skýrist að hluta vegna tilfærslu verkefna af árinu 2015 en einnig vegna þess að gert er ráð fyrir að innkaup á stáli í nýjan Kleppsbakka lendi að fullu á árinu 2016. Áætlunin miðar við að þrátt fyrir þessa hækkun á fjárfestingum þá verði handbært fé í lok árs viðunandi og að ekki þurfi að koma til lántöku vegna verkefna ársins.

Eignabreytingar skiptast á hafnarsvæðin með eftirfarandi hætti:

Millj.kr.	
Gamla höfnin	145,0
Sundahöfn	1.410,0
Grundartangi	500,0
Akranes	20,0
Tæki og áhöld	30,0
Alls	2.105,0

Hér á eftir eru tilgreind helstu eignabreytingaverkefni ársins 2016:

Gamla höfnin:

- ✿ Undirbúningsframkvæmdir vegna 2. áfanga hafnarbakka á Norðurgarði. Lagðar eru 60,0 mkr. í verkefnið á árinu 2016, en reiknað með verklokum árið 2018 og heildarkostnaður áætlaður um 460,0 mkr.
- ✿ Styrking á rafdreifikerfi Gömlu hafnarinnar fyrir rafmagn til skipa.
- ✿ Gatnatenging við Miðbakka og Austurbakka vegna breytinga á Geirsgötu.
- ✿ Nýr viti við Sæbraut, en verkefnið er þó háð þátttöku Reykjavíkurborgar við landmótun og undirstöður.
- ✿ Slitlagsverkefni.

Sundahöfn:

- ✿ Framkvæmdir við nýjan 470 metra langan Kleppsbakka, innkaup á stálþili og staurum, niðurrekstur þils og upphafsframkvæmdir bakkagerðar. Þetta verk verður helsta framkvæmd hafnar á næstu árum og kostnaður við verkið er áætlaður um 2.500 mkr.
- ✿ Slitlagslögn á hluta baksvæðis Vogabakka.
- ✿ Endurnýjun flotbryggju í Skarfavör og bætt aðgengi.
- ✿ Lóðagerð við Kjalarvog í Kleppsvík og á Kleppssvæði.
- ✿ Slitlög á Klettagarða og Vatnagarða auk umhverfisverkefna í Sundahöfn.
- ✿ Styrking rafdreifikerfis Skarfabakka fyrir rafmagn til skipa.

Grundartangi:

- ✿ Fyrstu áfangar vegagerðar vegna tengingar lóðar Silicor. Áætlaður kostnaður 2016 er um 200,0 mkr., en alls er kostnaður við verkið áætlaður um 600 mkr.
- ✿ Hækkun baklands og hafnarkants við Tangabakka.
- ✿ Framkvæmdir við hafnabakkasvæði við Tangabakka vegna Silicor.
- ✿ Undirbúningur að gerð skjólgarðs við Katanes.
- ✿ Gatnagerð á Vestursvæði.

Akranes:

- ✿ Styrking rafdreifikerfis fyrir rafmagn til skipa.
- ✿ Undirbúningur landfyllingar utan Aðalhafnargarðs.

Framkvæmdir vegna Silicor eru sem fyrr háðar endanlegri ákvörðun fyrirtækisins um að hefja framkvæmdir á Grundartanga.

Áætlun áráanna 2016 - 2023

Áætlun áráanna 2016 til 2023 byggist á þeim grunni sem áætlun ársins 2016 ber með sér og þeirri langtímaáætlun í framkvæmdum sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir sambærilegu umfangi rekstrar þessi ár en áætlaðar tekjur hækka að raungildi um 2,0% á ári. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins.

Augljóst er að á næstu árum mun þessi áætlun taka breytingum m.a. þegar horft er til verkefna á Sævarhöfða við brotthvarf Björgunar ehf. og gerð landfyllingar samkvæmt aðalskipulagi, þróun Gömlu hafnarinnar og við Skarfabakka, m.a. vegna haftengdrar ferðaþjónustu og nýrra verkefna sem upp kunna að koma á Grundartanga. Því er framkvæmdaáætlunin sett fram með þeim fyrirvara.

Niðurlag

Áætlun ársins 2016 gerir ráð fyrir að fjárhagslegu jafnvægi sé haldið í rekstri Faxaflóahafna sf. Þrátt fyrir að framkvæmdir séu áætlaðar meiri en mörg undanfarin ár. Langtímaáætlunin gerir ráð fyrir talsverðum framkvæmdum og miðað við þær framkvæmdir sem kunna að koma upp á komandi árum er undirstrikað mikilvægi þess að fyrirtækið hafi fjárhagslegan styrk til þess að glíma við þau verkefni

sem brýnust eru hverju sinni. Hafa verður þó í huga að framkvæmdir Faxaflóahafna sf. eru almennt fjárfrekar framkvæmdir, sem þurfa dágóðan tíma í undirbúningi og hugsa verður þær til áratuga. Hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. eru um margt ólík. Gamla höfnin er mikilvæg fiski- og þjónustuhöfn, þar sem ýmis konar menningarstarfsemi hefur skotið rótum með tilheyrandi umferð almennings. Sundahöfn er megingátt flutninga til og frá Íslandi, Akraneshöfn er fiskihöfn, sem getur vaxið sem slík og á Grundartanga er iðnaður í forgrunni þar sem um eitt þúsund manns vinna auk þeirra sem þjónusta svæðið með margvíslegum hætti. Það gilda því ólík lögmál um þessi hafnarsvæði varðandi skipulag og þróun til langrar framtíðar. Í eðli sínu er hafnarstarfsemi plássfrek og þess vegna verður að gæta vel að því athafnarými sem til staðar er um leið og gerðar eru kröfur um skynsamlega nýtingu svæða. Í þessu efni þarf sérstaka aðgát við framtíðarskipulag svo eðli og ásýnd hafnarsvæðanna verði ekki breytt á þann veg að það hamli nauðsynlegri starfsemi. Umhverfismál eru hins vegar ofarlega á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og metnaður til þess að hafnarsvæðin standist samjöfnuð við það sem best gerist erlendis. Frágangur opinna svæða, hljóðmælingar og aðgerðir til að takmarka hljóðdreifingu, ljósmælingar til þess að stýra betur lýsingu svæðanna, mælingar á gæðum sjávar, aukin sala á rafmagni til skipa, stefnumótun um grænan iðnað á Grundartanga og umhverfisvottun Faxaflóahafna sf. eru allt atriði sem mikilvægt er að vinna að auk annarra umhverfisverkefna, sem sífellt kalla á aukna meðvitund og aðgerðir.

Faxaflóahafnir sf. hafa þá sérstöðu meðal íslenskra hafna að vera langstærsta höfnin í umfangi og umsvifum. Hafnarsvæðin setja mikinn svip á sitt næsta umhverfi og eru um leið uppspretta atvinnu og athafna. Efnahagsáhrifin eru því mikil fyrir sveitarfélög eigenda og mikilvægt að þau geti þróast og vaxið í takt við vaxandi samfélög. Ólíkt flestum öðrum höfnum innanlands og erlendis þá njóta Faxaflóahafnir sf. engra styrkja eða framlaga frá opinberum aðilum til uppbyggingar og mikilvægra verkefna. Fjárfestingar og framkvæmdir þurfa því að miðast við að til lengri tíma skili tekjur því að standa undir fjárfestingu, viðhaldi og rekstrarkostnaði. Þess vegna er áhersla lögð á mikilvægi þess að fjárhagur fyrirtækisins hafi ávallt þann styrk og slagkraft til þess að sinna því hlutverki sem fyrirtækið hefur í þágu eigenda sinna. Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að þeirri stöðu verði haldið.

Reykjavík, 9. september 2015
Gísli Gíslason, hafnarstjóri.



Fjárhagsáætlun 2016

Rekstraryfirlit

	Áætlun 2015	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Rekstrartekjur			
Vörugjöld	980.938.000	1.068.381.000	1.159.600.000
Aflagjöld	190.000.000	250.000.000	250.000.000
Skipagjöld	293.292.000	293.292.000	309.320.000
Eignatekjur	770.518.000	784.745.000	813.345.000
Hafnarþjónusta	431.359.000	432.733.000	462.935.000
Siglingavernd	224.930.000	243.638.000	265.200.000
Rekstrartekjur alls:	2.891.037.000	3.072.789.000	3.260.400.000
Rekstrargjöld			
Hafnarvirki	508.639.000	497.531.000	497.207.000
Eignagjöld	371.457.000	373.730.000	460.429.000
Hafnarþjónusta	437.769.000	424.099.000	459.629.000
Skrifstofu & stjórn.k.	312.793.000	308.086.000	335.261.000
Siglingavernd	195.127.000	226.794.000	262.856.000
Afskriftir	790.000.000	790.000.000	830.000.000
Rekstrargjöld alls:	2.615.785.000	2.620.240.000	2.845.382.000
Rekstrarhagnaður:	275.252.000	452.549.000	415.018.000
Aðrar tekjur og gjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	47.930.000	75.000.000	92.926.000
Vaxtagjöld, verðbæt, gengismur	(77.493.000)	(80.757.000)	(86.253.000)
Aðrar óreglulegar tekjur	0	0	0
Aðrar tek.& gj. alls:	(29.563.000)	(5.757.000)	6.673.000
Rekstrarafgangur	245.689.000	446.792.000	421.691.000

REKSTRARTEKJUR:	Áætlun 2015	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Vörugjöld			
Almenn vörugjöld	867.557.000	955.000.000	1.040.000.000
Vörugjöld olíu	113.381.000	113.381.000	119.600.000
Samtals:	980.938.000	1.068.381.000	1.159.600.000
Aflagjöld	190.000.000	250.000.000	250.000.000
Skipagjöld:			
Lestargjöld	103.136.000	103.136.000	109.725.000
Bryggjugjöld	174.041.000	174.041.000	182.875.000
Legugjöld	16.115.000	16.115.000	16.720.000
Samtals:	293.292.000	293.292.000	309.320.000
Land og lóðir			
Lóðaleiga	405.359.000	418.000.000	432.630.000
Hafnarbakkaleiga	46.760.000	46.760.000	48.645.000
Holræsagjöld	0	0	0
Leiga á geymslusvæði	414.000	2.000.000	2.070.000
Leiga á dráttarbrautum	17.468.000	17.468.000	15.000.000
Samtals:	470.001.000	484.228.000	498.345.000
Húseignir:			
Húsaleiga	300.517.000	257.195.000	315.000.000
Verbúðaleiga	0	43.322.000	0
Samtals:	300.517.000	300.517.000	315.000.000
Rafmagn og vatn:			
Rafmagn	80.342.000	70.000.000	73.150.000
Vatnsala	22.496.000	22.496.000	24.035.000
Samtals:	102.838.000	92.496.000	97.185.000
Hafnarþjónusta:			
Hafnsaga	91.318.000	100.000.000	114.950.000
Festargjöld	39.750.000	39.750.000	41.800.000
Hafnsögubátar	180.487.000	180.487.000	188.100.000
Önnur hafnarþjónusta	16.966.000	20.000.000	20.900.000
Samtals:	328.521.000	340.237.000	365.750.000
Siglingavernd			
Skipavernd	26.781.000	29.000.000	31.200.000
Farmvernd	173.511.000	190.000.000	208.000.000
Farþegavernd	24.638.000	24.638.000	26.000.000
Samtals:	224.930.000	243.638.000	265.200.000
Ýmsar tekjur	0	0	0
Tekjur alls:	2.891.037.000	3.072.789.000	3.260.400.000

REKSTRARGJÖLD:	Áætlun 2015	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Hafnarvirki og bækistöð			
Almennur rekstur	240.550.000	265.003.000	282.211.000
Sérverkefni	186.000.000	160.262.000	146.000.000
Bækistöð	1.568.000	12.982.000	6.495.000
Samtals:	428.118.000	438.247.000	434.706.000
Rafmagn og vatn			
Rafmagn	71.364.000	49.265.000	52.082.000
Vatn	9.157.000	10.019.000	10.419.000
Samtals:	80.521.000	59.284.000	62.501.000
Land,lóðir og götur			
Almennur rekstur	84.392.000	90.852.000	95.760.000
Sérverkefni	15.000.000	23.219.000	38.000.000
Samtals:	99.392.000	114.071.000	133.760.000
Húseignir			
Almennur rekstur	196.065.000	198.023.000	217.669.000
Sérverkefni	76.000.000	61.636.000	109.000.000
Samtals:	272.065.000	259.659.000	326.669.000
Hafnarþjónusta			
Hafnsaga	133.937.000	138.532.000	146.003.000
Bátar	248.107.000	251.098.000	275.859.000
Önnur hafnarþjónusta	55.725.000	34.469.000	37.767.000
Samtals:	437.769.000	424.099.000	459.629.000
Skrifstofu og stjórn.k.			
Hafnarstjórn	20.947.000	21.437.000	22.642.000
Hafnarskrifstofa	238.262.000	233.065.000	245.619.000
Samtals:	259.209.000	254.502.000	268.261.000
Annar kostnaður			
Aukaframlag í lífeyrissjóð	0	0	0
Rannsóknir og ráðgjöf	7.000.000	7.000.000	14.000.000
Hagræðingar- og stjórnunarráð.	0	0	10.000.000
Saga	0	0	0
Umhverfisstefna	5.000.000	5.000.000	0
Loftmyndir	0	0	0
Markaðs- og kynningarmál	26.000.000	26.000.000	25.000.000
Framlög til félaga	7.584.000	7.584.000	8.000.000
Afskrifaðar kröfur	8.000.000	8.000.000	10.000.000
Samtals:	53.584.000	53.584.000	67.000.000
Siglingavernd gjöld			
Skipavernd	13.668.000	14.771.000	17.035.000
Farmvernd	148.896.000	141.596.000	139.692.000
Farþegavernd	0	0	0
Annar kostnaður siglingaverndar	32.563.000	70.427.000	106.129.000
Samtals:	195.127.000	226.794.000	262.856.000
Afskriftir fasteigna	790.000.000	790.000.000	830.000.000
ALLS:	2.615.785.000	2.620.240.000	2.845.382.000

Framkvæmdayfirlit - eignabreytingar

	Áætlun 2015	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Framkvæmdir:			
Gamla höfnin			
Hafnarvirki	44.000.000	46.700.000	120.000.000
Land og lóðir	6.000.000	3.400.000	10.000.000
Götur	85.000.000	71.300.000	15.000.000
Húseignir	27.000.000	33.000.000	0
	162.000.000	154.400.000	145.000.000
Sundahöfn			
Hafnarvirki	355.000.000	355.000.000	1.275.000.000
Land og lóðir	45.000.000	47.800.000	95.000.000
Götur	95.000.000	82.800.000	40.000.000
	495.000.000	485.600.000	1.410.000.000
Grundartangi			
Hafnarvirki	232.000.000	182.900.000	215.000.000
Land og lóðir	36.000.000	133.200.000	25.000.000
Götur	192.000.000	51.600.000	260.000.000
	460.000.000	367.700.000	500.000.000
Akranes			
Hafnarvirki	32.000.000	32.000.000	15.000.000
Land og lóðir	6.000.000	2.000.000	5.000.000
	38.000.000	34.000.000	20.000.000
Borgarnes			
Hafnarvirki	15.000.000	21.500.000	0
	15.000.000	21.500.000	0
Tæki og búnaður	30.000.000	29.000.000	30.000.000
Framkvæmdir samtals:	1.200.000.000	1.092.200.000	2.105.000.000

Yfirlit um sjóðstreymi

	Áætlun 2015	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) tímabilsins	245.689.000	446.792.000	421.691.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	790.000.000	790.000.000	830.000.000
Söluhagnaður (tap)			
Verðbætur og gengism langtímalána/krafna	22.776.000	18.551.000	9.988.000
Veltufé frá rekstri	1.058.465.000	1.255.343.000	1.261.679.000
Handbært fé frá rekstri	1.058.465.000	1.255.343.000	1.261.679.000
Fjárfestingahreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.200.000.000)	(1.092.200.000)	(2.105.000.000)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	0	346.292.000	
Veitt skuldabréfalán	(337.500.000)	(606.080.000)	(290.246.000)
Innborgað vegna lóðasölu	450.000.000	485.028.000	487.795.000
Afborganir langtímakrafna	363.039.000	378.610.000	233.544.000
Fyrirframgreiðslur			
	(724.461.000)	(488.350.000)	(1.673.907.000)
Fjármögnunarahreyfingar:			
Ný langtímalán			
Greiddar afborganir langtímaskulda	(270.291.000)	(158.605.000)	(103.267.000)
Arður til eigenda	(173.000.000)	(173.000.000)	(173.000.000)
	(443.291.000)	(331.605.000)	(276.267.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(109.287.000)	435.388.000	(688.495.000)
Handbært fé í byrjun tímabils	716.771.000	842.421.000	1.277.809.000
Handbært fé í lok tímabils	607.484.000	1.277.809.000	589.314.000

Fjárhagsáætlun 2016 - 2020

(í milljónum kr.)

	Útkomuspá					
	2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur						
Vörugjöld	1.068	1.160	1.183	1.206	1.231	1.255
Aflagjöld	250	250	255	260	265	271
Skipagjöld	293	309	316	322	328	335
Eignatekjur	785	813	830	846	863	880
Hafnarþjónusta	433	463	472	482	491	501
Siglingavernd	244	265	271	276	281	287
Rekstrartekjur alls:	3.073	3.260	3.326	3.392	3.460	3.529
Rekstrargjöld						
Hafnarvirki	498	497	497	497	497	497
Eignagjöld	374	460	460	460	460	460
Hafnarþjónusta	424	460	460	460	460	460
Skrifstofu & stjórn.k.	308	335	335	335	335	335
Siglingavernd	227	263	263	263	263	263
Afskriftir	790	830	890	930	970	1.010
Rekstrargjöld alls:	2.620	2.845	2.905	2.945	2.985	3.025
Rekstrarhagnaður:	453	415	420	447	475	504
Aðrar tekjur og gjöld						
Vaxtatekjur og verðbætur	75	93	24	6	8	19
Vaxtagjöld, verðbæt, gengism.	(81)	(86)	(32)	(28)	(25)	(21)
Aðrar óreglulegar tekjur	0	0	0	0	0	0
Aðrar tek.& gj. alls:	(6)	7	(8)	(22)	(16)	(2)
Rekstrarafgangur	447	422	412	425	458	502

Framkvæmdayfirlit - eignabreytingar

	Útkomuspá					
	2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Framkvæmdir:						
Gamla höfnin						
Hafnarvirki	47	120	325	100	20	60
Land og lóðir	3	10	10	10	10	0
Götur	71	15	60	15	45	30
Húseignir	33	0	0	0	0	0
	154	145	395	125	75	90
Sundahöfn						
Hafnarvirki	355	1.275	700	520	360	310
Land og lóðir	48	95	55	30	30	0
Götur	83	40	75	45	95	40
	486	1.410	830	595	485	350
Grundartangi						
Hafnarvirki	183	215	275	75	30	15
Land og lóðir	133	25	65	55	5	5
Götur	52	260	190	210	90	20
	368	500	530	340	125	40
Akranes						
Hafnarvirki	32	15	10	25	220	450
Land og lóðir	2	5	10	250	250	200
Götur	0	0	0	0	0	0
	34	20	20	275	470	650
Borgarnes						
Hafnarvirki	22	0	0	0	0	0
Land og lóðir	0	0	0	0	0	0
Götur	0	0	0	0	0	0
	22	0	0	0	0	0
Tæki og búnaður	29	30	30	30	30	30
Framkvæmdir samtals:	1.092	2.105	1.805	1.365	1.185	1.160

Efnahagsreikningur 31. desember

	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Eignir						
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	3.240	2.917	2.793	2.874	2.903	2.845
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	7.758	9.025	9.979	10.232	10.318	10.425
Aðrar eignir	172	16	0	0	0	0
	11.171	11.958	12.772	13.106	13.220	13.270
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	177	177	177	177	177	177
Langtímakröfur	530	636	400	202	55	55
	707	812	577	379	231	231
Fastafjármunir	11.877	12.770	13.349	13.485	13.452	13.501
Veltufjármunir:						
Skammtímakröfur:						
Óinnheimtar tekjur	308	308	308	308	308	308
Aðrar skammtímakröfur	12	12	12	12	12	12
Næsta árs afborganir langtímakrafna	246	239	236	198	148	0
Handbært fé	1.278	589	150	205	479	811
Veltufjármunir	1.844	1.148	706	722	946	1.131
Eignir samtals	13.721	13.919	14.054	14.207	14.398	14.632
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	12.424	12.673	12.912	13.163	13.449	13.777
	12.424	12.673	12.912	13.163	13.449	13.777
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	898	841	743	648	553	461
	898	841	743	648	553	461
Skammtímaskuldir:						
Viðskiptaskuldir	193	193	193	193	193	193
Næsta árs afborganir langtímaskulda	98	103	99	95	95	92
Aðrar skammtímaskuldir	108	108	108	108	108	108
	399	404	400	396	396	393
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.297	1.246	1.143	1.044	949	854
Eigið fé og skuldir samtals	13.721	13.919	14.054	14.207	14.398	14.632

Yfirlit um sjóðstreymi

	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Handbært fé frá rekstri						
Hagnaður (tap) tímabilsins	447	422	412	425	458	502
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	790	830	890	930	970	1.010
Verðbætur og gengism langtímask.	19	10	0	0	0	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna						
Verðbætur langtímakrafna						
Veltufé frá rekstri	1.255	1.262	1.302	1.355	1.428	1.512
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)						
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)						
	0	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	1.255	1.262	1.302	1.355	1.428	1.512
Fjárfestingarhreyfingar						
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.092)	(2.105)	(1.805)	(1.365)	(1.185)	(1.160)
Innborgað vegna lóðasölu	485	488	101	101	101	101
Veitt skuldabréfalán						
Langtímakröfur breyting	(227)	(57)	239	236	198	148
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	346					
Samtals:	(489)	(1.674)	(1.465)	(1.028)	(886)	(912)
Fjármögnunarhreyfingar						
Greiddar afborganir langtímaskulda						
Arður til eigenda	(173)	(173)	(173)	(173)	(173)	(173)
Ný langtímalán						
Afborganir langtímalána	(159)	(103)	(103)	(99)	(95)	(95)
Lífeyrisskuldbinding uppgr						
Samtals:	(332)	(276)	(276)	(272)	(268)	(268)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	435	(688)	(439)	54	274	332
Handbært fé í byrjun tímabils	842	1.278	589	150	204	478
Handbært fé í lok tímabils	1.278	589	150	204	478	811